

**Nd.**

**384. Frumvarp til laga**

**[155. mál]**

um lækkun verðlags.

Flm.: Bergur Sigurbjörnsson, Gils Guðmundsson.

**I. KAFLI**

**Um söluskatt.**

**1. gr.**

Af tollverði innfluttrar vöru, að viðbættum innflutningsgjöldum, skal greiða 7% söluskatt með þeim undanþágum, sem um getur í lögum þessum.

**2. gr.**

Skatt þennan skulu innheimtumenn ríkissjóðs (sýslumenn, bæjarfógetar og lög-reglustjórar, í Reykjavík tollstjóri) innheimta um leið og varan er tollafgreidd, og nýtur skatturinn sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

**3. gr.**

Undanþegnar söluskatti eru eftirtaldar vörur:

Fiskumbúðir, veiðarfæri, önnur en sporttæki, kol, salt, hráolía, brennsluolía, smurningsolía, flugvélabenzín, flugvélar og varahlutir til þeirra, skip og bátar, varahlutir og búnaður til þeirra, landbúnaðarvélar, aðrar en jeppar, og varahlutir til þeirra, kornvörur til mannaeldis, nema fluttar séu inn í smáumbúðum, sykur, kaffi, tilbúinn áburður, bækur, nótur og nótnapappír, dagblöð og vikublöð.

**4. gr.**

Verð á vörum og þjónustu, sem falla undan söluskatti við gildistöku þessara laga, er skylt að lækka sem söluskatti nemur.

**5. gr.**

Um viðurlög fyrir brot gegn þessum kafla laganna fer samkvæmt lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

## II. KAFLI

### Um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

#### 6. gr.

Ríkisstjórnin skipar verðlagsnefnd á þann hátt, sem fyrir er mælt í 7. gr. í lögum þessum.

#### 7. gr.

Verðlagsnefnd skal skipuð þrem mönnum. Tveir menn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu stjórnar Alþýðusambands Íslands, en einn tilnefnir ríkisstjórnin, og er hann formaður nefndarinnar. Skulu þeir allir hafa þekkingu á verðlagsmálum. Jafnframt skulu skipaðir þrjú menn til vara á sama hátt.

#### 8. gr.

Verðlagsnefnd skal hafa eftirlit með öllu verðlagi, og hefur hún bæði vald og skyldu til að ákveða hámarksverð eða hámarksálagningu á allar innfluttar vörur og innlendar iðnaðarvörur, en getur auk þess ákveðið verðlag á hvers konar vörum og verðmætum og kostnaðarliðum, er máli skipta fyrir verðlag í landinu. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til vöruhegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarféлага.

#### 9. gr.

Ríkisstjórnin skipar verðlagsstjóra samkvæmt tillögu verðlagsnefndar. Verðlagsstjóri gerir tillögur til nefndarinnar um verðlagsákvæði og hefur á hendi framkvæmd þeirra og eftirlit með því, að þeim sé hlýtt. Hann hefur einnig á hendi allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið. Rísi ágreiningur um skilning á verðlagsákvæðum, sker verðlagsnefnd úr.

Verðlagsnefnd er ekki ályktunarfær um verðlagsmál, nema hún sé fullskipuð, og ræður þá afl atkvæða.

Verðlag má ekki ákveða fyrr en fulltrúum þeirra aðila, er verðlagsákvæði ná til, hefur verið gefinn kostur á að leggja sitt sjónarmið fyrir verðlagsstjóra eða ræða við verðlagsnefnd, ef þeir óska.

#### 10. gr.

Þeir, sem með verðlagseftirlitið fara samkv. lögum þessum, geta krafist hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og gagna, er þeir telja nauðsynleg í starfi sínu.

#### 11. gr.

Sala á vörum milli heildverzlana eða smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð er. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

#### 12. gr.

Allar verðlagsákvæðanir, sem samþykktar eru af verðlagsnefnd, skulu birtar af verðlagsstjóra þegar í stað og ganga í gildi jafnskjótt og gilda þar til öðruvísi er ákveðið. Ákvæðanirnar skulu birtar á þann hátt, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til.

#### 13. gr.

Verðlagsnefnd, verðlagsstjóra, starfsmönnum eða öðrum, sem afskipti hafa um framkvæmd þessara laga, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra

hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja um af skýrslum þeim, sem um getur í 10. gr., að því leyti sem þau varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

14. gr.

Kostnaður við framkvæmd verðlagseftirlitsins greiðist úr ríkissjóði.

15. gr.

Í kaupstöðum landsins skal sérstakur dómstóll, er nefnist verðlagsdómur, rannsaka og dæma mál út af brotum á lögum þessum.

16. gr.

Í verðlagsdómi eiga sæti 2 menn: hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og einn meðdómari, sem er skipaður af dómsmálaráðherra eftir tilnefningu verðlagsnefndar. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Meðdómendur skulu skipaðir til eins árs. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

17. gr.

Dómsmálaráðuneytið tilkynnir verðlagsnefnd, hvenær hún skuli hafa tilnefnt meðdómendur í verðlagsdóm.

Hafi ráðuneytinu ekki horizt tilnefning nefndarinnar á tilsettum tíma, skipar dómsmálaráðherra meðdómendurna án tilnefningar.

18. gr.

Almenn skilyrði til meðdómarastarfa eru þessi:

1. Nægileg andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—70 ára.

Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

Um vanhæfni meðdómara dæmir héraðsdómari, en skjóta má úrskurði hans til hæstaréttar eftir reglunum um kæru.

19. gr.

Málsmeðferð fyrir verðlagsdómi fer að hætti opinberra mála.

20. gr.

Dómþing verðlagsdóms skulu vera opinber, nema dómur ákveði annað.

21. gr.

Ef ágreiningur verður milli dómara, sker atkvæði formanns úr.

Formaður gefur út dómsgerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir.

22. gr.

Meðdómendur í verðlagsdómi skulu taka sama kaup fyrir starfa sinn og meðdómendur í sjóðómi.

23. gr.

Áfrýjun mála til hæstaréttar frá verðlagsdómi fer að hætti áfrýjunar opinberra mála.

#### 24. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta verðlagsnefnd, verðlagsstjóra eða embættis- og starfsmönnum þeim, sem þessir aðilar til þess setja, í té skýrslur þær, er honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal sæta 30—300 króna dagsektum.

Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur visvitandi eða vegna vítaverðs gáleysis, sæti refsingu samkvæmt XV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940.

Brot gegn öðrum ákvæðum þessa kafla laganna, reglum eða samþykktum settum samkvæmt honum, varða sektum allt að 300 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða afbrot er itrekað, má svipta sökunaut með dómi rétti til verzlunar eða atvinnurekstrar um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal heimil vera.

#### 25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá úr gildi lög nr. 100 frá 29. des. 1948, lög nr. 35 frá 27. apríl 1950, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi. Einnig fellur niður umboð verðgæzlustjóra, starfsmanna hans í verðgæzlunni og trúnaðarmanna, þó ekki fyrr en verðlagsnefnd hefur tekið til starfa og verðlagsstjóri verið skipaður.

### Greinargerð.

Í 2. hefti Fjármálatíðinda, sem gefin eru út af hagfræðideild Landsbanka Íslands, birtast tveir mjög athyglisverðir fyrirlestrar, er þekktur sænskur hagfræðingur, dr. Per Jacobsson, flutti hér á landi s. l. haust í boði Háskólans og Landsbankans. Fjallar fyrirlestur þessi um peninga- og fjármál.

Dr. Per Jacobsson er nákunnugur íslenzku fjármála- og efnahagslífi og getur því um það rætt af raunhæfri þekkingu, auk óvenjumikillar sérþekkingar á þessum málum.

Í þessum fyrirlestrum farast dr. Per Jacobsson m. a. svo orð: „Við megum ekki gleyma því, hve mikilvæg heilbrigði gjaldmiðilsins er fyrir hagsæld þjóðar. Gott og framsækið þjóðfélag verður ekki byggt upp án trausts gjaldmiðils. . . . Þáttur ríkisins í þjóðarbúskapnum nú á dögum er svo mikill, að óreiða í fjármálum þess hefur yfirgnæfandi áhrif. — Í nokkrum löndum eru ríkisútgjöldin því miður enn svo há, að hætta er á verðþenslu.“

Til nánari skýringa á þessum ummælum bætir svo hagfræðingur Landsbankans, dr. Jóhannes Nordal, við varðandi Ísland sérstaklega:

„Gífurleg þensla hefur verið í efnahagskerfinu síðustu tvö árin, sem rót sína á m. a. að rekja til varnarliðsframkvæmda —. Mikil hækkun ríkistekna getur verið merki um dulda verðbólgu —. Íslendingar verða að gera það að höfuðmarkmiði fjármálastefnu sinnar á næstunni að draga úr verðþenslunni í efnahagskerfinu og skapa sér traustan og heilbrigðan gjaldmiðil.“

Ummæli þessara tveggja fræðimanna staðfesta mjög glögglega á fræðilegan hátt það, sem almenningur hefur fundið að undanförunu sem stívaxandi efnahagsörðugleika og versnandi fjárhagsafkomu, en ekki kunnað að skýrgreina á fræðilegan hátt. Þau staðfesta einnig þá skoðun, sem á nú ört vaxandi fylgi að fagna, að öngþveiti og hrunstefna íslenzkra efnahagsmála sé bein og óhjákvæmileg afleiðing af verkum núverandi valdhafa og að skjótra gagnráðstafana sé þörf, ef koma á í veg fyrir alvarlegt og varanlegt tjón í þessum efnunum.

Ummælum og ráðleggingum fræðimannanna, er hér að framan greinir, um nauðsyn þess að draga úr ríkisútgjöldum og skapa traustan og heilbrigðan gjaldmiðil, hefur núverandi ríkisstjórn fyrir sitt leyti svarað með áramótaræðu forsætisráðherrans, þar sem beinlínis var boðuð ný allsherjargengisfelling á næstunni til viðbótar þeim margföldu gengisfellingum, sem núverandi stjórnarflokkar hafa staðið að síðan 1949, ef alþýða landsins gerði tilraun til að rétta hlut sinn, svo að íslensk alþýðuheimili ættu ekki sífellt við óeðlilega kröpp kjör að búa og heinan skort, ef

eitthvað brygði út af. Með nýrri gengisfellingu og aukinni kjaraskerðingu almennings hyggjast núverandi valdhafar skapa gjaldmiðlinum aukið traust og örva þá sparifjársofnun almennings, sem atvinnulífi og framförum þjóðarinnar er lífsnauðsyn og „gott og framsækið þjóðfélag getur ekki án verið“.

Þegar svo horfir um þá landsföðurlegu forsjá, sem þjóðin á nú við að búa, og svo uggvænlegt ábyrgðarleysi um afkomu og velferð þjóðarinnar í nútíð og framtíð einkennir orð og athafnir þeirra, sem ábyrgastir ættu að vera, þarf engan að undra, þótt alþýða landsins gerist uggandi um lífsafkomu sína og sinna.

Sú er og raun á orðin, að verkalýðssamtökin hafa vegna vaxandi verðbólgu og versnandi lífskjara almennings séð sig tilneydd að segja upp kjarasamningum og bera fram kröfur um bætt kjör fyrir félaga sína.

Á hinn bóginn er það og staðreynd, sem núverandi valdhafar hafa ekki reynt að dylja, að ef verkalýðssamtökunum tækist að knýja fram kauphækkunar krónutölu með samtakamætti sínum og verkföllum, sem sennilega mundu kosta alþýðuna meiri fórnir en hún hefði raunverulega getu til að leggja á sig, ef hliðsjón er höfð af nýafstöðnum kjaradeilum í Vestmannaeyjum og á kaupskipaflotanum, þá mundu núverandi valdhafar óðar svipta verkalýðinn slíkum kjarabótum með nýrri gengisfellingu og þar með auka núverandi erfiðleika hans til muna. Það er því augljós staðreynd, að þær kjarabætur, sem alþýðan gæti e. t. v. með þessu móti náð, yrðu ekki raunverulegar, heldur aðeins sýndarbætur um stundarsakir, og þær fórnir, sem verkalýðurinn legði á sig um efni fram til að ná þeim, því miður gagnslitlar eða gagnslausar. Jafnframt hafa svo núverandi valdhafar beinlínis lýst yfir, að slíkar ráðstafanir af hálfu verkalýðsins mundu notaðar til að afsaka þá gengisfellingu, sem nú er verið að undirbúa, og til að reyna að láta líta svo út sem hún væri ekki sök valdhafanna sjálfra og afleiðing af aðgerðum þeirra undanfarin ár.

Öllum er ljóst, að nýtt gengishrun ásamt meðfylgjandi efnahagsöngþveiti og verðhækkunum er ekki í þágu almennings, heldur þeirra, er aðstöðu hafa fyrir gengisfellinguna til að sölsa undir sig fasteignir og framleiðslutæki fyrir lánað sparifé almennings og endurgreiða síðan lánin með verðfelldum krónum, og hefur árvekni slíkra manna þegar orðið áþreifanlega vart í þjóðfélaginu. Öllum hugsandi mönnum er ljóst, að ný gengisfelling eða gengisfellingar mundu gera þau viðfangsefni, sem nú eru torleysanleg, eins og rafvæðingu landsins, lausn húsnæðisvandamálsins, ný stórfelld iðjuver o. s. frv., nær óleysanleg með öllu sakir aukins kostnaðar, sem af gengisfellingum leiðir. Efnalitlu fólki, og frumbýlingum mundi reynast ókleift að eignast framleiðslutækin og þak yfir höfuð sér, og sú kjaraskerðing, sem af gengisfellingu leiddi, mundi leiða til harðvítugri kjarabaráttu en dæmi eru til — og svo koll af kolli út í vísa ófæru.

Það er því þjóðinni lífsnauðsyn, að leitað sé einhverra annarra ráða en hér var frá greint, ef tiltæk væru, til að afla alþýðu landsins raunhæfra kjarabóta, sem jafnframt gætu hindrað eða torveldað þau áform núverandi valdhafa að fella gengi krónunnar að nýju.

Með hliðsjón af því og þeim viðhorfum í efnahags- og fjármálum, sem hér að framan er vikið að, höfum við þingmenn Þjóðvarnarflokks Íslands horið fram meðfylgjandi frumvarp til laga um lækkun verðlags. Okkur er ljóst, að sú leið, sem þar er bent á, er aðeins einn liður af mörgum, sem gera þarf, en þó mjög mikilvægur.

Meginmál þessa frumvarps ætti að vera þingheimi kunnugt, þar sem það hefur með minni háttar breytingum, sem leiðir af eðli máls, verið ýmist í lög tekið eða úr gildi fellt af Alþingi á tímabilinu frá 1943. Er það með vilja gert að hafa þennan hátt á, þar sem málið krefst skjótrar afgreiðslu, ef það á að geta dregið úr eða komið í veg fyrir fórnir langvinnra verkfalla og kjaradeilna, og því því ekki sæta þarflausum töfum í meðferð þingnefnda og þings.

Tvö mjög veigamikil atriði eru þó nýmæli í frumvarpi þessu. Hið fyrra er, að lagt er til, að söluskattur verði lækkaður í heildsölu, en felldur niður að öðru leyti, og afnuminn algerlega af mun fleiri lífsnauðsynjum almennings og atvinnuvega en nú er. Sem

óhjákvæmileg afleiðing af þeirri ráðstöfun er svo lagt til, að verðlagseftirlit verði upp tekið að nýju á innfluttum vörum og þeim vörum, sem falla undan söluskatti. Er augljóst, að þetta verður að gera, fyrst og fremst til að tryggja, að þær vörur, sem falla undan söluskatti, lækki raunverulega í verði sem söluskattinum nemur, en auk þess til að lækka þá óhóflegu álagningu, sem upp hefur verið tekin síðan núverandi valdhafar gáfu álagningu frjálsa og afhentu þar með verzlunarstéttinni einni allra stétta þjóðfélagsins sjálfðæmi um að skammta sjálfri sér þann hlut, er hún girntist úr þjóðarþúinu.

Síðara nýmælið er, að verkalýðssamtökunum verði fengið í hendur vald og skylda til að hafa með höndum verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit og heimild til að hafa eftirlit með hverju því, sem máli skiptir fyrir verðlag í landinu og ekki er bundið með öðrum lögum eða samningum stéttarféлага. Er vandséð, að hagar meiri hluta þjóðarinnar í þessum málum verði með öðru móti betur tryggður, en að sjálfsgöðu verður hagar meiri hlutans að sitja í fyrirrúmi fyrir möguleikum lítils minni hluta til að halda uppi ranglátri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Og hverjum augum sem fámennir hagsmunahópar kunna að líta á sanngirni þess að afhenda verkalýðssamtökunum meirihlutavald og raunveruleg yfirráð yfir verðlagi og verðlagseftirliti í landinu og getu þessara samtaka til að leysa það hlutverk réttlátlega af hendi með hag allra aðila að leiðarljósi, þá er það ómótmælanleg staðreynd, að þörf almennings fyrir, að vörur séu fluttar til landsins og dreift gegnum verzlanir til þjóðarinnar, er til muna ríkari og lífsnauðsynlegri en þörf einstaklinga til óhóflegra gróðamöguleika, þó að skefjalitlir gróðamöguleikar einstaklinga hafi verið hið ráðandi afl í islensku þjóðfélagi að undanförunu.

Verkalýðssamtökin hlýtu af þessum sökum að ákveða verðlag á þann hátt, að verzlunarstéttin teldi það a. m. k. ekki lakari atvinnuveg að annast verzlun og viðskipti en annað, sem í boði væri. Verður ekki séð, að annar aðili en verkalýðssamtökin sé færari um að sjá þessum málum borgið á þann hátt, að ekki þurfi til þess að koma, að þau verði, ásamt öðru, til að stefna efnahagsöryggi og framtíð þjóðarinnar í voða.

Þeir, sem telja frjálsan innflutning mikils virði, ættu einnig að gera sér grein fyrir því, að því aðeins getur innflutningur þjóðar, sem hefur takmarkaðar gjaldreyristekjur, orðið frjáls, að eftirspurn, sem stafar af óhóflegu verðlagi á innanlandsmarkaði, leiði ekki til stöðugs gjaldeyrisskorts. Má í því sambandi minna á, að í Noregi og Svíþjóð hafa að undanförunu farið fram athuganir á því að taka upp verðlagseftirlit til að draga úr verðbólgu og gefa innflutning frjálsan. Einnig má í þessu sambandi vitna til þeirra fræðimanna, sem getið var í upphafi þessa máls. En um það farast dr. Jóhannes Nordal svo orð:

„Það á áreiðanlega við um Ísland eins og önnur lönd, að frumskilyrðið fyrir því að koma á jafnvægi við útlönd er að draga úr þenslunni innanlands, og einnig þarf að lækka verðlag til samræmis við það, sem er í öðrum löndum.“

Ög dr. Per Jacobsson segir:

„— Það er ekkert, sem hvetur kaupmenn fremur til að draga úr innflutningi sínum en lækkun innlends vöruverðs.“

Báðir eru þessir fræðimenn ákafir formælendur frjáls innflutnings.

En auk þess að hafa þannig áhrif í þá átt, að beina efnahags- og fjármálum þjóðarinnar að heilbrigðari þróun en verið hefur um skeið, mundi frumvarp okkar hafa í för með sér mjög miklar raunverulegar kjarabætur fyrir alþýðustéttir landsins. Má án nákvæmrar rannsóknar fullyrða, að vöruverð gæti lækkað mjög verulega með þessum ráðstöfunum.

Frumvarp þetta er og í fullu samræmi við þá stefnu, sem verkalýðssamtökin tóku upp og börðust fyrir í þriggja vikna allsherjarverkföllum í desember 1952, og í heinu framhaldi af þeirri stefnu.

Frumvarp þetta er stórt skref í þá átt að lækka dýrtíð og auka verðgildi peninga. Mundi það því, ef að lögum yrði, geta greitt verulega fyrir lausn þeirrar kjaradeilu, sem nú er yfirvofandi. Þess vegna væntum við flutningsmenn þessa frumvarps þess, að núverandi valdhafar opinberi ekki svo andstöðu sína við alþýðustéttir landsins og heilbrigða efnahagsþróun þjóðarinnar, að þeir tefji fyrir þessu frumvarpi að þarflausu eða hindri framgang þess.